

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Litla-Fljót í Biskupstungum.

Breytingin felur í sér að íbúðarhúsalóð lóð nr. 3 stækkar um 6.670 m² og verður 15.500 m² og íbúðarhúsalóð lóð nr. 4 stækkar um 9.020 m² og verður 17.900 m². Að öðru leyti gilda áfram deiliskipulagsskilmálar miðað við samþykkt skipulag frá 5. september 2006.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. febrúar 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. febrúar 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.